



# Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans við Hamrahlíð

2016



**Efnisyfirlit**

|   |           |
|---|-----------|
| <b>1. Inngangur</b> .....                                     | <b>4</b>  |
| <b>2. Lýsing á starfsemi skólans</b> .....                    | <b>5</b>  |
| <b>2.1 Hlutverk</b> .....                                     | <b>5</b>  |
| <b>2.2 Umfang árið 2016</b> .....                             | <b>6</b>  |
| Nemendur.....   | 6         |
| Starfsfólk.....   | 6         |
| Húsnæði.....  | 6         |
| Kennslustundir og áfangar.....                                | 7         |
| Fjármál.....  | 7         |
| <b>3. Sjálfsmat árið 2016</b> .....                           | <b>8</b>  |
| <b>3.1 Greining tölfræðilegra gagna</b> .....                 | <b>8</b>  |
| Nýnemar dagskóla.....   | 8         |
| Árangur nýnema í fyrstu áföngum í íslensku og stærðfræði..... | 13        |
| Brautir dagskóla.....   | 14        |
| Mætingar í dagskóla.....                                      | 16        |
| Afföll og nýtingarhlutfall.....                               | 17        |
| <b>3.2 Kannanir</b> .....                                     | <b>17</b> |
| Móttaka nýnema og samstarf við forráðamenn þeirra.....        | 17        |
| <b>3.3 Áhersluverkefni</b> .....                              | <b>23</b> |
| Innleiðing á nýrri námskrá MH.....                            | 23        |
| Brothvarfsverkefni – skimun nýnema.....                       | 24        |
| Umhverfismál.....   | 26        |
| Jafnréttismál.....  | 29        |
| Heilsueflandi framhaldsskóli.....                             | 29        |
| Námsver MH.....   | 29        |
| Fjöldi nemenda í námsveri.....                                | 29        |
| Stuðningurinn/Þjónustan.....                                  | 30        |
| Samstarf við starfsfólk innan og utan skólans.....            | 33        |
| Stöðumat.....   | 33        |
| Heimsóknir og hól.....  | 34        |
| Prengingar.....   | 34        |
| <b>Skólapúlsinn</b> .....                                     | <b>34</b> |

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Framhaldsskólapúlsinn – samantekt á niðurstöðum haustið 2016 .....</b> | <b>34</b> |
| <b>4. Samantekt og umbótaáætlun.....</b>                                  | <b>37</b> |
| <b>Umbótaáætlun 2017 .....</b>  | <b>38</b> |
| <b>5. Lokaorð .....</b>   | <b>39</b> |
| <b>6. Tölur/myndir:.....</b>  | <b>40</b> |

## 1. Inngangur

Eins og undanfarin ár hefur endurskoðun námskrár vegna framhaldsskólalaga frá 2008 tekið mest af tíma starfsmanna sem ætlaður er í þróun og sjálfsmat. Fellur það vel að leið skólans að sjálfsmati sem kölluð er valdeflingarleið (empowerment evaluation). Í skólanum er rík hefð fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum og að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun og þróun skólastarfsins. Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsmanna, kannanir, skýrslur og úttektir. Að sjálfsmatinu koma ýmsir aðilar innan skólans s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, annað starfsfólk og nemendur. Umsjón með sjálfsmati hefur konrektor ásamt sjálfsmatsnefnd skólans.

Í skólasamningi 2013 – 2016 eru taldar upp helstu áherslur og markmið á samningstímanum en þau sem við leggjum áherslu á í þessari sjálfsmatsskýrslu eru:

- Stefnt er að því að allar brautir nýrrar námskrár verði komnar af stað í umsagna- og staðfestingarferli 2016.
- Að bregðast við kröfu mennta- og menningarmálaráðuneytis um fækkun eininga til stúdentsprófs með endurskoðun nýrra brauta og að innritað verði á þær frá hausti 2016.
- Að taka ákvörðun í framhaldi af því hvenær samræmdar verði kröfur um lágmarkseiningafjölda milli yngri og eldri nemenda skólans.
- Að efla starfendarannsóknir og sjálfsskoðun kennara og að slíkt verði þáttur í allri starfsemi frá hausti 2016.
- Að nýtingarhlutfall dagskóla verði a.m.k. 95% á hverri önn (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum).
- Að reka skólann innan fjárheimilda og að ekki verði gengið meira á uppsafnaðan rekstrarafgang en svo að í lok samningstímans (í ársbyrjun 2015) nemi hann a.m.k. 2% af fjárlögum.
- Að sporna gegn brotthvarfi og auknum kvíða meðal nemenda með því að kanna möguleika á að fá sálfræðing til starfa við skólann frá og með hausti 2016.
- Að vinna að því að skólinn viðhaldi Grænfanavottun að loknu tveggja ára tímabili haustið 2017.
- Vinna áfram að umbótum á móttöku nýnema svo aðlögun þeirra að nýjum skóla gangi vel fyrir sig. Auka enn frekar samstarf og upplýsingagjöf til forráðamanna ólöggráða nemenda.
- Kanna áfram fylgni grunnskólaeinkunna í íslensku og stærðfræði og gengi nýnema í þessum fögum.

## 2. Lýsing á starfsemi skólans

### 2.1 Hlutverk

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*. Í lögnum segir m.a.:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

Hlutverk skólans er samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. framhaldsskólalögum frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011. Þessar brautir eru félagsfræðabraut ný námskrá, málabraut ný námskrá, náttúrufræðibraut ný námskrá, opin braut ný námskrá, samkvæmt sérstakri námskrá *International Baccalaureate Organisation*, IB-nám (þ.e. nám til samræmnds alþjóðlegs stúdentsprófs). Haustið 2013 bættist við tónlistarbraut ný námskrá og haustið 2014 listdansbraut ný námskrá. Haustið 2015 bættist auk þess við þriggja ára útgáfa af opinni braut þ.s. nemendur ljúka 206 einingum í stað 227. Haustið 2016 innrituðust nýnemar úr grunnskóla á fyrrtaldar bóknámsbrautir þar sem fækkað hefur heildareiningum um 10 og einingum í líkamsrækt um tvær. Einingafjöldi á uppfærðum brautum er því 215 í stað 227. Upplýsingar um skipulag þessara brauta má finna á vef skólans <https://www.mh.is/is/namid/namsbrautir/namsbrautir-fra-hausti-2016>. Allir nemendur skólans stunda nú nám skv. framhaldsskólalögum frá 2008.

## 2.2 Umfang árið 2016

### Nemendur

Nemendafjöldi í dagskóla í janúar 2016 var 1172, þar af 81 nýnemi. Í byrjun september var nemendafjöldi 1191 og af þeim voru 282 nýnemar. Alls voru því innritaðir nýnemar í dagskóla þetta ár 363. Auk þess voru 37 nemendur skráðir í norsku og sænsku á vorönn og 36 á haustönn.

Skólinn er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um utanumhald og skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla. Árið 2016 voru skráðar einingar frá Listdansskóla Íslands hjá 35 nemendum á vorönn og 32 á haustönn, frá Danslistarskóla JSB voru skráðar einingar hjá 44 nemendum að vori og 50 að hausti, frá Klassíska listdansskólanum voru skráðar einingar hjá 15 nemendum að vori og 19 að hausti og frá Listdansskóla Reykjaness (Bryn Ballett Academy) og voru skráðar einingar frá 11 nemendum að vori og 11 nemendum að hausti. Nemendur á listdansbraut MH voru 41 á vorönn, af þeim voru 5 nemendur einnig á annarri bóknámsbraut, og 47 á haustönn, af þeim voru 6 nemendur einnig á annarri bóknámsbraut.

Útskrifaðir stúdentar voru alls 287 árið 2016, um vorið voru nýstúdentar 181 og um jól útskrifuðust 106 stúdentar.



### Starfsfólk

Við skólann starfa 80 til 90 kennarar á hvorri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), 1 fjármálastjóri, 3 námstjórar (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri sérnáms, 1 sérkennari sérnáms, 1 deildarstjóri IB náms, 4 námsráðgjafar í tæpum 3 stöðugildum, 1 sálfræðingur, 2 sérkennarar og táknmálstúlkar, 2 bókasafnsfræðingar, 2 starfsmenn á skrifstofu, 1 og 1/2 kerfis- og tækjastjóri, 1 og 1/2 húsvörður og 10 – 12 ræstitæknar. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 120.

### Húsnæði

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38 þar

með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd á Miklagarði, hátíðarsal skólans. Í nýrri byggingunni eru auk þess þrír misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Arkitekt lóðarinnar er Ragnildur Skarphéðinsdóttir.

### Kennslustundir og áfangar

Tölur hér fyrir neðan sýna yfirlit yfir kennda áfanga, fjölda hópa og kennslustunda í dagskóla árið 2016. Meðalfjöldi kennslustunda í dagskóla, samkvæmt kennsluskiptingu, var 1762,5 samanborið við 1776 árið áður. Það jafngildir um 0,8% fækkun kennslustunda milli ára sem er óveruleg breyting. Milli ára er 2% fækkun í deild íslensku, sögu, samfélagsgreina, myndlist og líkamsrættar um 3% fækkun í deild erlendra mála og um 3% aukning í raungreinum.

**Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í dagskóla á viku 2016**

| Dagskóli  | vor     |       |       | haust   |       |       | Meðaltal ársins |       |        |
|---|---------|-------|-------|---------|-------|-------|-----------------|-------|--------|
|   | áfangar | hópar | tímar | áfangar | hópar | tímar | áfangar         | hópar | tímar  |
| Deild   |         |       |       |         |       |       |                 |       |        |
| Erlend tungumál.  | 58      | 83    | 456   | 58      | 77    | 446   | 58              | 80    | 451    |
| Íslenska, saga, samfélagsfræðagreinar, kór og myndlist. | 80      | 113   | 675   | 73      | 108   | 627   | 76,5            | 110,5 | 651    |
| Raungreinar, stærðfræði, líkamsrættar, skák og tölvufr. | 75      | 136   | 632   | 76      | 137   | 646   | 75,5            | 136,5 | 639    |
| Samtals   | 213     | 332   | 1763  | 207     | 322   | 1719  | 210             | 327   | 1741   |
| Lífsleikni, CAS og lok3v3                               | 6       | 6     | 4     | 6       | 11    | 39    | 6               | 8,5   | 21,5   |
| Samtals   | 219     | 338   | 1767  | 213     | 333   | 1758  | 216             | 335,5 | 1762,5 |

### Fjármál

Í árslok 2016 var höfuðstóll jákvæður um 600 þús. kr. og hafði lækkað um 14,3 millj. kr. frá árinu á undan, eða sem nam rekstrarhalla ársins 2016. Á árinu 2017 hefur skólanum verið bættar 4,2 millj. kr. vegna endurskoðunar á uppgjöri ársins 2016 vegna sérkennslu. Í rekstraráætlun fyrir árið 2017 sem skilað var í nóvember 2016 er gert ráð fyrir 3,3 millj. kr. rekstrarafgangi.


### 3. Sjálfsmat árið 2016

#### 3.1 Greining tölfræðilegra gagna

Að venju voru framkvæmdar ýmsar gagnagreiningar á árinu. Niðurstöður gagnagreininga eru nýttar af skólastjórnendum við skipulag skólastarfs, umræðu á kennarafundum og/eða sendar deildum til umfjöllunar.

#### Nýnemar dagskóla


Árið 2016 var samtals 321 nýnemum boðin skólavist. Alls sóttu 143 nemendur um skólavist vorið 2016 og af þeim voru 88 teknir inn eða 62% umsækjenda. Að hausti sóttu 352 nemendur um MH í fyrsta vali og af þeim voru teknir inn 278 nemendur eða 79% umsækjenda. Alls sóttu 646 nemendur um MH í fyrsta eða annað val það haustið. Nemendur sem voru að koma beint úr grunnskóla og sóttu um MH sem fyrsta val eða annað val voru 489. Með MH sem fyrsta val voru 249 og var 217 eða 87% þeirra boðin skólavist. Auk þess fengu 16 nemendur sem voru með MH sem annað val skólavist sem gera samtals 233 nemendur beint úr grunnskóla. Teknir voru inn 45 eldri nemendur (fæddir 1999 eða fyrr) af 103 sem sóttu um MH númer eitt eða tæp 44% eldri nemenda sem sóttu um skólavist það haustið.



#### Mynd 1. Hlutfall innritaðra nemenda að hausti eftir námsári í framhaldsskóla.

Eins og öll undanfarin ár var mest áhersla á að innrita nemendur sem komu beint úr grunnskóla. Hlutfall nýnema úr grunnskóla af heildarfjölda innritaðra að hausti hefur aðeins aukist aftur miðað við síðasta ár. Hlutfall innritaðra nemenda sem lokið hafa einu ári í framhaldsskóla hefur minnkað aðeins á móti. Fáeinir nemendur sem hafa verið þrjú ár í framhaldsskóla eru teknir inn þetta haustið en enginn sem verið hefur í fjögur ár.






**Mynd 2. Umsóknir grunnskólanema og afgreiðsla þeirra eftir kyni árið 2016.**

Fleiri stúlkur sækja um skólann bæði að vori og hausti. Yfir árið eru 57% umsókna frá stúlkum og eru þær 59% þeirra sem fá skólavist. Árið áður voru 61% umsókna frá stúlkum og virðist hlutfall umsókna frá stúlkum því aðeins hafa minnkað frá því árið áður. Þær eru hins vegar 59% þeirra nemenda sem teknir eru inn það ár. Hlutfall stúlkna meðal umsækjenda og þeirra sem eru samþykkt og koma beint úr grunnskóla að hausti hefur einnig lækkað.


Umsóknir grunnskóladrengja fara úr 35% í 41% og meðal samþykkra nýnema úr 38% í 41%. Áhugavert verður að fylgjast með þessum jákvæðu breytingum næstu ár og m.a. skoða hvort nýtt einkunnakerfi í grunnskóla hafi hugsanlega einhver áhrif þarna.



**Mynd 3. Lögheimili umsækjenda og innritaðra nýnema úr grunnskóla haustið 2016**


Haustið 2016 voru 80% umsókna, sem voru með MH sem fyrsta val, samþykktar. Þetta ár voru þó nokkuð færri umsóknir með MH sem fyrsta val en árið áður eða 376 á móti 501. Ef litið er á umsóknir 10. bekkinga bárust 249 á móti 326 haustið 2015. Hvað veldur er óljóst en mikilvægt er að skoða nánar hvaða breytur hafa áhrif á þessa þróun. Í ár var stærrí hluti umsókna

samþykktur en árið áður. Samþykktum umsóknum frá Reykvíkingum fjölgaði um 11% eða úr 80% í 91% miðað við árið áður.



**Mynd 4. Afdrif umsókna úr grunnskóla eftir lögheimili umsækjenda haustið 2016**

Þetta árið kemur svipaður hluti umsókna frá grunnskólum í nágrenni MH (þ.m.t. Hagaskóli) eða 35%. Hlutfall úr Reykjavík í heild eykst aðeins milli ára og greinilegt að færri sækja úr nágrannasveitafélögum en árin á undan. Af einstökum skólum komu flestar umsóknir um MH númer eitt frá Hagaskóla eða 11,7%, frá Háteigsskóla Austurbæjarskóla 7,6%, Réttarholtsskóla og Hlíðaskóla 5,23%. Í ár voru 8,8% umsókna frá nemendum úr erlendum grunnskóla.



**Mynd 5. Hlutfall umsókna eftir grunnskóla nýnema haustið 2014 til 2016**

Tekið hefur verið upp nýtt einkunnakerfi við útskrift úr grunnskóla og eru einkunnir við lok grunnskóla gefnar í bókstöfunum D, C, C<sup>+</sup>, B, B<sup>+</sup> og A í stað talnaskala 1 – 10. Í námsmarkmiðum námskrár grunnskóla er lögð meiri áhersla á lokahæfni nemenda en áður var


gert. Gera menn sér vonir um að ný hæfniviðmið við lok grunnskóla og nýtt einkunnakerfi gefi betri mynd af hæfni nemenda en áður. Inntökuskilyrði á annað þrep í kjarnagreinum voru aðhæfð nýju kerfi og skv. viðmiðum menntamálaráðuneytis var gerð lágmarkskrafa um einkunn B í kjarnagreinum íslensku, stærðfræði og ensku. Áður var lágmarkskrafan 5 eða 4.5 í þessum greinum en aðeins mismunandi eftir brautum.

Til að auðvelda samanburð milli nemenda var bókstafa-einkunnum snúið yfir í tölur samkvæmt fyrirmælum Menntamálastofnunar (mynd 3).



**Mynd 6. Samhengi bókstafa og talnaskala skv. Menntamálastofnun.**

Nýtt einkunnakerfi gerir það að verkum að ekki er hægt að bera saman meðaleinkunnir frá fyrri árum. Þó má sjá að meðaltalseinkunn umsækjenda úr grunnskóla í íslensku og stærðfræði er aðeins hærri en meðaltal árgangsins sem útskrifaðist úr grunnskóla þetta vorið. Stúlkur eru með hærri meðaleinkunn í íslensku eða 3,33 af 4,00 mögulegum en drengir í stærðfræði eða 3,31 af 4,00 mögulegum.




**Mynd 7. Einkunnir umsækjenda úr grunnskóla í íslensku og stærðfræði haustið 2016.**

Þegar sambærilegar tölur eru skoðaðar fyrir nýnema MH þetta haust er meðaltal þeirra aðeins hærri en árgangsins í heild og einnig hærri en meðaltal allra umsókna um skólavist.


Þó verður að muna þegar þessi meðaltöl eru skoðuð að ekki er um jafnbilaskala að ræða þ.s.

C<sup>+</sup> er ekki mitt á milli C og B heldur nær B og sama gildir um B<sup>+</sup> sem er nær A en B.



**Mynd 8. Einkunnir nýnema úr grunnskóla í íslensku og stærðfræði vorið 2016 eftir kynjum.**

Meðal nýnema MH eru stúlkur með hærri meðaleinkunn en drengir í íslensku en drengir hærri í stærðfræði.




**Mynd 9. Dreifing grunnskólaeinkunna í íslensku og stærðfræði.**

Þegar skoðuð er dreifing grunnskólaeinkunna meðal útskriftarárgangsins 2016, allra umsókna í MH og nýnema MH sést að við erum að fá duglegan hóp. Við fáum stærra hluta af nemendum með B og B<sup>+</sup> en aðeins færri af þeim sem fá A. Í íslensku munar þarna um 3% og í stærðfræði um 4%. Í heildina má sjá að 45% nýnema er með einkunn B<sup>+</sup> eða A í íslensku og 51% með B<sup>+</sup> eða A í stærðfræði.

Vorið 2016 fengu 13% nemenda einkunnina A í íslensku en 3% nemenda höfðu fengið einkunnina 10 árið á undan. Hins vegar fengu 32% B<sup>+</sup> miðað við 47% sem fengu 9 eða 9,5 árið á undan. Í heild fengu því 45% nýnema B<sup>+</sup> eða A árið 2016 en 50% fengu 9 til 10 árið 2015.

Í stærðfræði er svipað uppi á teningnum þó munurinn sé minni, 16% fá A vorið 2016 en 11% fá 10 árið á undan. Hins vegar fengu 43% B<sup>+</sup> miðað við 35% sem fengu 9 eða 9,5 árið á undan. Í heild fengu því 51% nýnema B<sup>+</sup> eða A árið 2016 en 54% fengu 9 til 10 árið 2015.



**Mynd 10. Dreifing grunnskólaeinkunna nýnema í íslensku og stærðfræði 2015 til 2016.**

Áhugavert verður að fylgjast með hvernig dreifing þessara nýju bókstafaekunna þróast þegar grunnskólakennarar fá aukna reynslu í notkun nýrra viðmiða. Það á einnig við um hvernig og hvort mælanlegar breytingar verða á árangri í fyrstu áföngum framhaldsskóla.

Í heild má þó segja að eins og undanfarin ár gefi fjöldi umsókna nemenda alls staðar að af landinu með háa meðaleinkunn úr grunnskóla til kynna að skólinn höfði mjög vel til duglegra nemenda og er það í góðu samræmi við stefnuskrá skólans.

### Árangur nýnema í fyrstu áföngum í íslensku og stærðfræði


Meðaleinkunn nýnema úr grunnskóla hefur lækkað í báðum þessum greinum milli ára. Skoða verður næsta haust hvort þetta er tilfallandi eða eitthvað sem er að breytast. Meðaleinkunn í íslensku fer úr 7,07 haustið 2015 í 6,23 haustið 2016 og í stærðfræði úr 7,67 haustið 2015 í 7,10 haustið 2016. Stúlkur eru að meðaltali með hærri einkunn í íslensku og drengir í stærðfræði.

Vegna breytinga á einkunnakerfi grunnskóla er ekki hægt að skoða með sama hætti og undanfarin ár (sjá eldri sjálfsmatsskýrslur) samræmi milli einkunna úr grunnskóla og fyrsta áfanga í framhaldsskóla þetta árið. Þó má sjá að meðaleinkunnir nýnema í fyrsta áfanga í MH

í íslensku og stærðfræði hafa lækkað frá síðasta ári. Í íslensku hefur meðaleinkunnin farið úr 6,77 haustið 2016 í 6,07 haustið 2017 og í stærðfræði úr 7,66 haustið 2016 í 7,18 haustið 2017.

## Brautir dagskóla


Haustið 2016 var innritað á sex brautir skv. nýrri námskrá auk sérnáms- og IB brautar. Mynd 11 sýnir dreifingu nemenda á brautir í október 2016.



### Mynd 11. Dreifing nemenda á brautir haustið 2016.


Nú er innritað í fimmta sinn á nýjar brautir og áhugavert að sjá að opna brautin er önnur vinsælasta brautin meðal nýnema. Náttúrufræðibrautin er ennþá vinsælust, aðsókn að félagsfræðabraut hefur aðeins minnkað milli ára, var valin af 18% umsækjenda haustið 2015 en 11% haustið 2016 en málabrautin sækir aðeins í sig veðrið, fer úr 6% í 10%. Haustið 2016 voru heldur færri nýnemar innritaðir en árið á undan sem auðvitað getur haft áhrif á þessi hlutföll.

Dreifing allra nemenda á brautir skólans ber nokkur merki þessara hreyfinga á vinsældum brauta. (mynd 12). Opna brautin er nú orðin fjölmennari en félagsfræðabrautin og nalgast náttúrufræðibrautina í fjölda nemenda.



**Mynd 12. Dreifing nemenda á brautir haustin 2012 til 2016**

Á mynd 13 á sjá hvernig þessar breytingar birtast hjá kynjunum.




**Mynd 13. Dreifing stúlkna og drengja á fjórar fjölmennustu brautirnar haustin 2012 til 2016**

Hjá stúlkum er opna brautin orðin vinsælust og hefur farið upp fyrir náttúrufræðibrautina sem er nú orðin fjölmennari. Hjá drengjum er náttúrufræðibrautin ennþá fjölmennust, hefur að vísu farið úr 51% í 41% en hefur ekki breyst frá fyrra ári svo hugsanlega er jafnvægi náð milli þessara brauta hjá drengjum.


## Mætingar í dagskóla

Mæting nemenda 2016 er sambærileg við 2015 (sjá sjálfsmatsskýrslu á vef MH). Meðaleinkunn breytist lítið á milli ára en athygli vekur að fjarvistarstigum karla fjölgar milli ára. (Mynd 14). Ef mætingar eru bornar saman milli ára er ljóst að þær hafa farið aðeins niður á við þrátt fyrir aukinn stuðning við nemendur, t.d. með ráðningu sálfræðings og fleiri náms- og starfsráðgjafa sem starfa við skólann. Það er ljóst að greina þarf hvers vegna fjarvistir pilta aukast milli ára meðan að mætingar stúlkna batna örlítið.



### Mynd 14. Mætingar dagskólanema árið 2016

En eins og oft segja meðaltöl ekki alla söguna því við nánari skoðun má sjá að herra hlutfall kvenna eða 51% er með hæstu mætingareinkunnirnar 9 eða 10 á meðan 48% karlar ná þeim mætingareinkunnunum. (Mynd ).




### Mynd 15. Dreifing mætingareinkunna eftir kynjum árið 2016



## Afföll og nýtingarhlutfall

Árið 2016 eins og önnur ár var stefnt að því að afföll úr áföngum færu ekki yfir 5% þ.e. að nýtingarhlutfall héldist í kringum 95%.



### Mynd 16. Afföll í próf í dagskóla 2006 - 2016

Síðustu þrjú ár hefur nýtingarhlutfallið hækkað lítillega og stendur í 6,87% fyrir árið 2016. Skólinn hefur reynt að bregðast við lægra nýtingarhlutfalli með því að auka stuðþjónustu eins og áður hefur komið fram. Nemendum sem segja sig úr áfanga eða námi er gert að ræða við einhvern ofantalinna starfsmanna auk námsstjóra áður en ákvörðun er tekin með það að markmiði að finna önnur úrræði.

Stefnt er að því eins og áður að afföll fari ekki yfir 5% þ.e. að nýting fari ekki undir 95%.


## 3.2 Kannanir

### Móttaka nýnema og samstarf við forráðamenn þeirra

Frá árinu 2009 hefur verið fylgst sérstaklega með viðhorfum og þátttöku foreldra nýnema við upphaf skólagöngu unglínganna þeirra (sjá fyrri sjálfsmatsskýrslur). Í heildina má segja að ekki hafi orðið miklar breytingar milli ára. Hér verða helstu niðurstöður raktar.

Aðspurðir telja flestir forráðamenn að nýnemanum þeirra hafið liðið vel eða mjög vel í skólanum fyrstu vikurnar eða 95% en það er svipað og undanfarin ár. Ekki eru eins margir foreldrar á því


að nýnemanum þeirra líði mjög vel og árið á undan sem veldur vonbrigðum þó í heildina séu tölurnar mjög jákvæðar.



### Mynd 17. Hvernig telur þú að MH-ingnum þínum hafi liðið fyrstu vikurnar í MH?

Sem fyrr erum við ánægð með að svo fáir foreldrar telji að nýnemanum þeirra líði illa en erum ekki ánægð með að neinn teljist til þessa hóps. Viðbrögð skólans eru að ítreka við alla foreldra að við skólann starfi náms- og starfsráðgjafar sem geti tekið á málum nemenda. Einnig geta foreldrar leitað til skólasálfræðings.

Nýnemum hefur gengið svipað að finna sér samastað eins og undanfarin ár og 81% forráðamanna eru á því að það hafi gengið vel eða mjög vel. Það eru hins vegar ákveðin vonbrigði að hlutfall þeirra sem svarar mjög vel minnkar milli ára. Einungis 1% þeirra telja að það hafi gengið illa sem er mjög jákvætt.




### Mynd 18. Hvernig hefur nýnemanum gengið að finna sér samastað í frímínútum?

Annað sem skólinn hefur lagt áherslu á er að kynna fyrirkomulag í MH og hvernig stundataflan er upp byggð til þess að auðvelda þeim að átta sig á hvernig lesið er úr henni. Forráðamönnum virðist ganga aðeins verr að átta sig á fyrirkomulaginu þetta haustið en á síðasta ári.

Um 87% þeirra átta sig mjög vel eða vel á stundatöflunni sem er meira en árið á undan.

Forráðamenn verða æ duglegri við að nýta sér viðtöl við námstjórana áður en skóli hefst og verða þeir hvattir til þess að gera það áfram.




### Mynd 19. Hvernig hefur þér gengið að átta þig á stundatöflu MH-nemans þíns?

Sambærilegur fjöldi hefur leitað upplýsinga á heimasíðu skólans eða 81% miðað við 85% árið áður og 80% haustið 2014. Heimasíðan nýtist því betur og betur. Aðeins færri hafa farið inn á heimasvæði unglingsins í Innu en árið áður eða 68%. Við myndum gjarnan vilja að forráðamenn færu fyrir að leita sér upplýsinga í Innu og munum leggja á það áherslu næsta haust.

Um 70% foreldra/forráðamanna voru meðvitaðir um að skólinn býður upp á ókeypis hafragraut fjóra morgna í viku. Er það von okkar að foreldrar verði duglegir við að hvetja unglingana sína að nýta sér þessa þjónustu skólans.

Svipað hlutfall foreldra leitar til okkar í skólanum með einhver erindi þessar fyrstu vikur og undanfarin ár eða 25%. Eins og fyrr vonum við að fjöldinn sé ekki meiri vegna þess að upplýsingastreymið frá okkur til forráðamanna sé viðunandi. 86% þeirra sem leita til okkar vissu hvert þau áttu að leita sem er aðeins minna en á síðasta ári (78%). Af þeim sem leita til okkar fá 90% viðunandi úrlausn á sinni málaleitan. 10% af þeim sem leita til okkar telja að þeim hafi verið vísað milli óþarflega margra aðila áður en úrlausn fékkst, kannski ekki margir en þarna má greinilega bæta upplýsingagjöf í móttöku.



### Mynd 20. Hvernig hefur þér fundist viðmót okkar í MH?

Nær allir, eða 99%, þeirra sem segjast hafa leitað til skólans eru ánægðir með viðmót starfsmanna. Almennt má fullyrða að foreldrar/forráðamenn séu ánægðir með viðmót starfsmanna óháð því hvaða stöðu viðkomandi gegna í skólanum.

Að venju voru forráðamenn spurðir hvort þeir vildu benda á eitthvað sem betur mætti fara í skólanum. Hér eru athugasemdir þeirra:

- Það mætti fjölga skápum og matsala ekki upp á marga fiska.
- Nauðsynlegt að hafa matsölu fyrir nemendur í skólanum.
- Mætti vera matsala með hollum mat fyrir nemendur.
- Matsala með hollum mat.
- Erfitt að eignast vini fyrstu vikunnar og nauðsyn á matsal með góðum mat.
- Erfitt fyrir nýnema að komast í klúbba, allt fullt. Erfitt að finna kynningu á klúbbum á vef MH og fá matsal!!!
- Matsala mætti vera fjölbreyttari.
- Vantar matsölu ekki bara sjoppu.
- Dálítið mikið artí en ok....
- Fá góða matsölu í skólann.
- Óska eftir því að stjórn skólans taki afdráttarlausa afstöðu með virkri framkvæmd gegn drykkju/vímuefnaneyslu í skjóli skóla (s.s. á böllum og öðrum skemmtunum). Finnst líka mikilvægt að nemendur fái aðgang að mötuneyti með elduðum mat í hádegi.
- Afmælisvikan ruglingsleg. Við viljum geta keypt heitan mat fyrir krakkana.
- Mínum dreng fannst furðulegt að það væri áfengisneysla á busaballinu. Honum fannst að það sem stæði á miðanum, "Ölvun ógildir miðann" ætti annað hvort að vera tekið

alvarlega eða að sleppa því. Ég er sammála :o) Mér þætti gott ef hann ætti kost á góðum og hollum mat í hádeginu.

- Vantar matsölu eins og var með góðum og hollum mat, heitum.
- Hef lent í vandræðum með að finna upplýsingar á heimasíðunni. T.d. skóladagatalið og hef oft rekist á úreltar upplýsingar. Það vantar betri matsölu með hollari, fjölbreyttari mat - líka heitum mat.
- Aðstaða fyrir nemendur að hita hádegismat og mötuneyti með hollum mat!
- Það má breyta tölvupóstsendingum þannig að MH kæmi fyrst og nafn kennara síðar
- Kynna INNU betur fyrir foreldrum.
- Borðaskipting í matsal er undarlegt fyrirbæri sem stingur í stúf við annað sem einkennir skólann.
- Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema mætti vera mun fyrir á 1. önninni.
- Ég varð fyrir vonbrigðum með efndir í sambandi við skýr og góð skilaboð frá skólanum í sambandi við busaballið sem vímuefnalaus og áfengislaus skemmtun. Framkvæmd var ekki í samræmi við skilaboðin. Og þá spurning til hvers þau eru.
- Mötuneyti fyrir nemendur í samræmi við heilsueflandi framhaldsskóla í staðinn fyrir skyndibita í hádegismat.
- Borðamenningin hefur valdið streitu.
- Ég hélt að nemendur fengju netfang hjá skólanum en fékk upplýsingar um að svo væri ekki. Ég reyni að fylgjast með skilum á verkefnum en sú staða virðist ekki alltaf vera rétt. Fá nemendur prentkvóta ókeypis?

Þær athugasemdir sem koma fram snerta m.a. mötuneyti þar sem kallað er eftir heitum mat og minni skyndibita. Einnig minnst foreldrar á að kynningarfundurinn mætti vera fyrir á önninni og upplýsingagjöf mætti vera skýrari.

Nokkrir nefna geymsluskápa fyrir nemendur en reynslan hefur verið að þeir eru of fáir til þess að koma til móts við alla að hausti. Skólinn hefur ekki haft fjármagn til þess að fjölga skápum en hefur skoðað ýmsa kosti. Verður áfram til umræðu og vonandi úrbóta.

En við fáum einnig hrós og eins og gengur og gerist jafnvel fyrir þá hluti sem aðrir gera athugasemdir við.

- Vel tekið á mótí nýnemum.
- Dóttir mín blómstrar í MH umhverfinu :o)

- Ekki enn...
- Vel tekið á móti nýnemum.
- Frábær breyting á því hvernig tekið er á móti nýnemum frá því að ég var sjálfur nýnemi fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi.
- Kórinn.
- Hrista hópinn strax saman í byrjun og kórinn.
- Kórinn og sálfræðingurinn.
- Kórinn og stöðupróf.
- Hafragrauturinn og kórinn.
- Kórinn.
- Frábæran anda og gott skipulag.
- Vel virðist tekið á móti dóttur minni og hún er mjög ánægð.
- Ég vil hrósa ykkur fyrir þetta kvöld og góðar móttökur og dásamlegan söng. Mjög góð kynning hjá umsjónarkennara.
- Virkilega fallega tekið á móti nýnemum. Ánægjuleg nýnemavika og nýnemaferð!
- Mjög vel haldið utan um krakkana
- Stórkostlegur kórinn. Frábært að fá sálfræðing í skólann. Grauturinn á morgnana er vinsæll og kemur sér vel.
- Brosmilt, jákvætt og hlýtt viðmót, auðvelt fyrir nemandu að nálgast starfsfólk og leita og fá upplýsingar.
- Virðist vera metnaðarfullt starf.
- MH kom mér skemmtilega á óvart. Gott starf - áfram svona :o)
- Frábær skóli enda líður stúlkunni minni mjög vel.
- Góð kynning - frábært viðmót.
- Líst vel á ráðgjafar- og heilbrigðisþjónustu skólans.
- Gott upplýsingaflæði, nýta tæknina vel.
- Alltaf gleði, gleði, gleði!
- Afmælishátíð.
- Frábær kór!
- Vel tekið á móti barni við upphaf skólagöngu.
- Góðar móttökur.
- Góða móttöku nýnema.

- Dóttir mín er ánægð. Segist finna sig hér.
- Tekið vel á móti foreldrum og nemendum.
- Kórin.
- Fjölbreyttir kennsluhættir. Frábærir og sveigjanlegir námsráðgjafar. Góð upplýsingagjöf til foreldra.
- Jákvætt og fallett viðhorf til nemenda.
- Það mætti vera skýrara að það þurfi helst að vera 36 einingar pr. önn.
- Líflegt andrúmsloft og orminn langa :o)
- Mjög gott upplýsingaflæði til foreldra með email og sms.
- Gott start. Hingað til er komið vel til móts við þarfir dóttur minnar.
- Já, hafragrautinn.
- Já, fyrir að ráða sálfræðing, gott fordæmi fyrir fleiri skóla.
- Ég vil hrósa skólanum fyrir að hrista saman nýnema.
- Að taka son minn inn í MH :o) Fjölbreytt val á áföngum og brautum.

Áberandi er hversu margir foreldrar hrósa kór skólans. Skólanum er hrósað fyrir móttöku nýnema, gott andrúmsloft, upplýsingagjöf til foreldra, fjölbreytt námsúrval, gott utánúthald, morgungraut, stoðþjónusta, að vera með sálfræðing og kórin. Nýnemavika og nýnemaferð fá hrós og þar á nemendastjórn stærstan hlut að máli. Það er ljóst að það skiptir starfsfólki skólans miklu máli að fá hrós og staðfestir að skólinn tekur vel á móti nýnemum og veitir þeim góða þjónustu.

Einnig lýsa foreldrar yfir mikilli ánægju með kynningarkvöld fyrir foreldra og forráðamenn nýnema.

### 3.3 Áhersluverkefni

#### Innleiðing á nýrri námskrá MH

Unnið var að skrásetningu brauta í námskrárgrunn ráðuneytis á árinu og á haustönn voru fyrstu brautirnar sendar til námskrárdeildar Menntamálastofnunar til umsagnar og/eða staðfestingar. Ljóst er að valfrelsi á flestum brautum skóla og þá sérstaklega á opinni braut gerir allri innsetningu í grunninn erfitt fyrir. Skólinn hefur fengið viðbrögð við uppsetningu brautanna og heldur vinna við að fá brautirnar staðfestar áfram í samvinnu við Menntamálastofnun. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki 2017.

## **Brotthvarfsverkefni – skimun nýnema**

Undanfarin fjögur ár hefur skimunarpróf verið lagt fyrir nýnema Menntaskólans við Hamrahlíð. Skimunin er hluti af aðgerðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að sporna gegn brotthvarfi. Tilgangur skimunarprófsins er m.a. að greina hvaða nemendur eru í brotthvarfshættu og í framhaldinu auðvelda skólanum að takast á við brotthvarf.


Skimunarprófið, sem kallast Námsumhverfi framhaldsskólanema, er rafrænn spurningalisti sem metur styrkleika og veikleika nemenda og námsumhverfi þeirra. Það var þróað fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum til að auðvelda þeim að skilgreina nýnema í brotthvarfshættu út frá þekktum áhættuþáttum. Sem fyrr var fyrirlögnin í höndum náms- og starfsráðgjafa og náði til allra nýnema MH (sem koma beint úr grunnskóla) utan nýnema IB-brautar og nemendur á sérnámsbraut.

Meginþemu skimunarprófsins eru:

- Skuldbinding gagnvart námi og skóla
- Fyrri reynsla af skólagöngu
- Fjölskyldan
- Vinir

Í heildina má segja að nemendur MH komi nokkuð vel út úr þessari skimun en almennt er miðað við að þeir þættir sem mælast lægri en 50 þarfnist nánari skoðunar.





### Mynd 21. Meðaleinkunn áhættuþátta hjá nýnemum MH árið 2016.<sup>1</sup>

Af 16 þáttum könnunarinnar eru nýnemar MH undir 50 í fjórum þáttum haustið 2016. Þessir þættir eru námshegðun, stuðningur kennara, stuðningur foreldra og eftirfylgni foreldra.

Þáttur 3, námshegðun, hefur mælst sem áhættuþáttur frá upphafi. Við þeirri niðurstöðu var brugðist og nú er stutt við þessa nemendur með hópráðgjöf ásamt einstaklingsviðtölum sem þeim er skylt að taka þátt í. Fríður Reynisdóttir náms- og starfsráðgjafi hefur umsjón með þessum nemendum. Unnið er markvisst að því að styrkja námslega skuldbindingu, bæta námshegðun og námstækni.

Þáttur 8, stuðningur kennara, mælist sem áhættuþáttur nú líkt og í fyrra. Samkvæmt viðræðum við kennara sem kenna nýnemum hefur stuðningur ekki minnkað frá fyrri árum en fylgjast verður áfram vel með þessum þætti.

Tveir áhættuþættir tengjast fjölskylduáðstæðum nýnema. Það er þáttur 12 sem tekur á stuðningi foreldra og þáttur 13 sem metur eftirfylgni foreldra. Þessa þætti getum við einungis haft óbein áhrif á t.d. með því að hvetja foreldra til þess að fylgjast með námi unglinganna sinna. Það er gert í tölvupóstum til foreldra og forráðamanna nýnema, á foreldrakvöldi að hausti og í

<sup>1</sup> Myndin sýnir T-tölur nemenda á hverjum styrkleikaþætti í þínum skóla. Þær sýna hvar nemendur skólans standa í samburði við nemendur í heildarhópnum sem þátt tóku í prófinu. **T-tölur hafa meðaltalið 50. T-tala yfir 50 þýðir að nemendur skólans eru að jafnaði hærri á viðkomandi styrkleika en aðrir nemendur og T-tala undir 50 að þeir séu að jafnaði lægri.** Fyrir alla þætti gildir að því hærri T-tala því meiri er styrkleiki nemenda. Til dæmis ef T-tala er undir 50 á námsferfiðleikum þá þýðir það að nemendur skólans eiga að jafnaði í meiri námsferfiðleikum en gengur og gerist í heildarhópnum.

tölvupóstum í tengslum við miðannarmat. Einnig hvetja umsjónarkennarar nýnema foreldra/forráðamenn nýnema til að fylgjast vel með námsgengi og viðveru í INNU og er það gert með tölvupóstum og í foreldrasamtölum.

Nemendur sem mælast með sjö eða fleiri áhættuþætti slaka eru boðaðir í viðtal til náms- og starfsráðgjafa og forráðamenn með í þeim tilvikum sem þurfa þykir. Þeim er síðan fylgt eftir næstu önn og hugað að námsframvindu þeirra næstu annir.

## Umhverfismál

Í MH er unnið eftir grænu skrefunum sjö í átt að alþjóðlegu umhverfisviðurkenningunni Grænfánaskóli. Markmið þess verkefnis er að:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- Efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

Að þessum verkefnum er unnið í samráði við umhverfisnefnd skólans sem stýrt er af Bjarnheiði Kristinsdóttur stærðfræðikennara. Í umhverfisnefnd eru auk hennar kennarar, nemendur og ræstingarstjóri skólans. Nefndin vinnur síðan í samráði við stjórnendur.

### Áætlun um aðgerðir og markmið

*Hvaða markmið setti skólinn sér og hvaða aðgerðir voru gerðar til að ná fram þeim markmiðum? Var þeim markmiðum sem skólinn setti sér náð? Ef svo er, hvernig tókst til? Ef ekki, af hverju ekki? Hvað má betur fara?*

Markmið, eftirlit og endurmat var á höndum umhverfisnefndar og umhverfisfræðiáfangans. Markmið sem náðust voru m.a. að fá hjólaskýli við skólann, umhverfisfræðiáfanginn, umhverfismál í erlendum málum (danska og enska fjalla mikið um þætti endurvinnslu, endurnýtingar og ruslflokkunar), bæta Útgarð (garð innan skólans), fá ruslflokkunarkerfi, innkaup á vistvænni þrifavörum, meiri meðvitund um rafmagnsnotkun o.fl. Nú er í farvatninu bygging gróðurskála við náttúrufræðistofurnar, uppsetning plastflokkunartunna á völdum

stöðum nálægt vöskum (til að hægt sé að skola umbúðirnar) og skýrari leiðbeiningar um sorpflokkun innan skólans.

Það sem eftir stendur á markmiðalistanum er m.a. kaup á vistvænni lýsingu (t.d. LED-perur), bætt aðstaða til útikennslu og meira upplýsingaflæði milli áfanga um umfjöllunarefnið í umhverfisvernd.

Sorpflokkunin fór afar vel af stað haustið 2016. Húsvörður, þrífafólk, eftirlitsaðilar, starfsfólk, nemendur og gestir skólans hafa á orði að umgengni hafi batnað til muna síðan flokkunin hófst.

Bygging hjólaskýlis skipti sköpum fyrir þá nemendur og það starfsfólk sem nýtir sér hjólreiðar sem samgöngumáta. Hönnuninni er þó ábótavant eins og kom fram í síðustu sjálfsmatsskýrslu. Efla þyrfti eftirlit með hjólaskýlinu þar sem nokkuð hefur borið á að nemendur noti skýlið til reyklinga.



### **Eftirlit og endurmat**

Eftirlit með starfi umhverfisnefndar er í höndum stjórnenda skólans. Eftirlit og endurmat markmiða í umhverfismálum er í höndum umhverfisnefndar og nemenda í umhverfisfræðiáfanga hverju sinni (áfanginn er í boði á haustönn). Eftirlit og endurmat hefur ekki verið fellt inn í neinn formlegan ramma. Þar sem tiltölulega fáir koma að starfi umhverfisnefndar ár hvert þá hefur það þótt gefa góða raun að einbeita sér að fáum markmiðum í einu. Þrátt fyrir þetta er hugmyndum að nýjum markmiðum safnað stöðugt meðfram því sem unnið er að nokkrum markmiðum hverju sinni. Stundum koma fram hugmyndir sem eru það einfaldar í framkvæmd að hægt er að bæta þeim strax inn á lista yfir markmið sem koma strax til framkvæmda. Dæmi um þetta er hugmynd um plastflokkunartunnur á nokkrum stöðum í skólanum sem var hrint í framkvæmd haustið 2016. Afar mikilvægt er að fjölga nemendum sem koma að umhverfismálum við skólann.

## Námsefnisgerð og verkefni

Kennarar í lífsleikni, heimspeki, ensku, dönsku og myndlist vinna markvisst að því að efla umhverfisvitund, vinna með hugtök tengd umhverfismálum og sjálfbærni og kynna umhverfismál innan skólans. Eðli málsins samkvæmt fjalla áfangar í umhverfisfræði, jarðfræði og líffræði einnig mikið um sjálfbærni og umhverfismál.

## Umhverfisfræði

Í MH hefur umhverfisfræðiáfangi (sjá skýrslu hér aftar) verið í boði af og til í áratugi. Áfanginn hefur tekið mið af stöðunni á hverjum tíma og hefur verið lagt upp úr því að tengja viðfangsefnin við daglegt líf. Þannig var t.d. fjallað ítarlega um Hvítbók umhverfisráðherra þegar hún kom út og verkefni spunnin út frá því. Svipað var gert með rammaáætlun. Einnig hafa verið gerðar úttektir á MH út frá umhverfissjónarmiði. Nemendur hafa skoðað orkunotkun (raf- og heitavatns), innkaup, samgöngur o.fl., og lögðu m.a. til við skólayfirvöld að þeir nemendur sem kæmu hjólandi í skólann fengju fyrir það eina einingu. Vel var tekið í þetta en síðan dagaði málið uppi.

Áfanginn er skilgreindur sem þverfaglegur og nýtist þekking í ýmsum öðrum greinum en líffræði. Mikið er um verkefnavinnu í litlum hópum þar sem reynir talsvert á sjálfstæð vinnubrögð. Reynt hefur verið að setja nemendur í „hlutverk“ t.d. sumir eru neytendur, aðrir stjórnáráðgjafar (stjórn/stjórnarandstaða) þá framkvæmdaraðilar, eftirlitsaðilar o.s.frv. Síðan flytja hóparnir framsögu, rökræða í pallborði og taka þátt í almennum umræðum auk þess að skila stutttri skýrslu. Kjarnalesefni er á ensku en einnig er tínt til ýmislegt annað. Yfirleitt hefur verið farin vettvangsferð innan áfangans og þá oftast í dagsferð um Suðurland þar sem miðpunktur ferðarinnar hefur verið heimsókn í vistvæna þorpið Sólheima í Grímsnesi.

## Að upplýsa og fá aðra með

Rektor kynnir fyrirkomulag sorpflokkunar fyrir nemendum í upphafi annar og rætt er um flokkunina í lífsleikniáfangi. Þessu til viðbótar eru upplýsingaspjöld í öllum stofum og á skjá skólans eru hvatningarorð og upplýsingar um flokkana. Kynning á umhverfismálum fer til foreldra í fréttabréfi sem kemur út einu sinni á ári.

Umhverfissáttmáli og stefna MH eru [á heimasíðu skólans](#).

## Jafnréttismál

[Jafnréttisáætlun má nálgast á vef skólans](#). Jafnréttisnefnd skólans skipa Guðný Guðmundsdóttir eðlisfræðikennari, Íris Lilja Ragnarsdóttir enskukennari og Karl Jóhann Garðarsson sögukennari. Hér fer á eftir jafnréttisskýrsla unnin af jafnréttisnefndinni.

## Heilsueflandi framhaldsskóli



Skólinn hefur verið þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli frá hausti 2011. Verkefninu er skipt í fjóra flokka; næringu, hreyfingu, geðrækt, lífsstíl. Veturinn 2011 – 2012 var helgaður næringu og fékk skólinn silfurverðlaun. Veturinn 2012 til 2013 var helgaður hreyfingu og fékk skólinn gullverðlaun. Veturinn 2013 til 2014 var helgaður geðrækt og fékk skólinn bronsverðlaun. Forvarnateymið var undir forystu Fríðar Reynisdóttur og Elvu Bjarkar Ágústsdóttur. Skólaárið 2015 til 2016 var áfram lögð áhersla á heilbrigðan lífsstíl, líkamsvitund og forvarnir auk geðræktar.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknnum og greiningu var fengin á kennarafund til þess að fara yfir niðurstöður um könnunina Ungt fólk þar sem farið var yfir líðan MH nemenda í samanburði við aðra skóla árið 2014 þegar síðast var gerð stór könnun.


## Námsver MH

### Fjöldi nemenda í námsveri

Í námsver MH leitar fjölbreyttur hópur nemenda skólans sem á í námslegum, félagslegum eða tilfinningalegum vanda. Erfiðleikar nemenda eru sértækir þannig að öll aðstoð er einstaklingsmiðuð. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, aðstoð við að skilja texta í námsefni og verkefnum og við yfirlestur ritgerða og verkefna. Í námsveri starfa tveir kennarar, Valgerður Garðarsdóttir og Þórey Torfadóttir.

Flestir nemendanna sem sækja þjónustu í námsver eru af almennum bóknámsbrautum skólans en einnig slæðast nokkrir IB nemendur með. Á haustönn þáðu 53 nemendur þjónustu í námsveri sem gerir um 5% nemenda skólans. Auk þeirra voru 24 nemendur kynntir fyrir kennurum í námsveri en þáðu ekki þjónustu á önninni. Alls eru þetta þá 78 nemendur. Á vorönn þáðu 50 nemendur þjónustu í námsveri sem er tæplega 5% af nemendum skólans. Auk þeirra voru 26 nemendur kynntir fyrir kennurum í námsveri á önninni en mættu ekki að sinni. Alls eru þetta þá

76 nemendur. Fimm af um eitt hundrað stúdentum skólans sem útskrifuðust í desember voru skjólstæðingar námsvers. Þrjár skjólstæðingar námsvers útskrifuðust á vorönn en alls útskrifuðust um 150 nemendur þannig að þeir voru 2% útskrifaðra. Auk eins nemenda námsvers sem útskrifaðist frá FSU.



### Mynd 22. Móðurmál innflytjenda, 1. og 2. kynslóðar haust 2016.

Flestir innflytjendanna tala mál sem eru frá Suðaustur-Asíu eða 15 af 22 nemendum, 4 kínversku, 3 tagalog/filippeysku og 8 víetnömsku. (Filippeysku nemendurnir kalla sjálfir móðurmál sitt jöfnum höndum tagalog og filippeysku). Aðeins þrjár nemendanna eru frá Evrópulandi, tveir tala pólsku og einn albönsku. Tveir nemendur koma frá Suður-Ameríku, Ekvador og Kólumbíu, og tala spænsku. Þá er einn nemandi frá Mið-Asíu, frá Íran, en er afganskur flóttamaður og talar persnesku, auk þess kemur einn nemandi frá Bandaríkjunum og er enskumælandi.

### Stuðningurinn/Þjónustan

Á árinu sóttust nemendur að vanda aðallega eftir aðstoð við að lesa og skilja texta í námsefninu og yfirlestur á verkefnum sínum. Áberandi var hve margir komu til að fá aðstoð við ritgerðarsmíð, flestar þeirra voru í íslensku og þó nokkrar í sögu auk ritgerða í öðrum fögum. Einnig leituðu nemendur mikið eftir aðstoð við heimanám í tveimur fyrstu áföngunum í stærðfræði. Þá má nefna að nemendur sóttust eftir að fá utanumhald og umhyggju frá kennurum námsvers.

Það er hægt að greina að nemendur hafa þörf fyrir mismunandi stuðning eftir því hvaða flokki þeir tilheyra. Erlendir nemendur sækja eftir aðstoð við íslensku, í faginu íslensku og í öðrum fögum, m.a. við skilning hugtaka og innihald texta og er gjarnan lesið upp fyrir þá úr námsbókum. Einnig leita þeir eftir aðstoð við að skilja íslenska og vestræna menningu. Þar sem 1. kynslóðar innflytjendur geta flestir lesið og skrifað móðurmál sitt eiga þeir auðvelt með að finna upplýsingar og þýðingar á íslenskum og enskum hugtökum á móðurmálinu og létir það námið. Margir 2. kynslóðar innflytjendur eru í annarri stöðu þar sem þeir lesa hvorki né skrifa móðurmálið þó að þeir séu mæltir á málinu, þeir geta því hvorki aflað sér upplýsinga á móðurmálinu né notað það til að leita að þýðingum. En framburður þeirra í íslensku og málfræðikunnátta er betri en hjá fyrri hópnum. Snúbúar biðja gjarnan um aðstoð við íslensku bæði í faginu íslensku og í öðrum fögum, m.a. við málfræði og setningarferði og við að skilja skólamenninguna. Nemendur með náms- og tilfinningavanda þurfa mismunandi aðstoð, t.d. aðstoð við verkefni og ritgerðir, útskýringar á námsefni, upplestur, aðhald, athygli og umhyggju. Nemendur úr öllum flokkum fá aðstoð við val og leita eftir útskýringum á kerfi skólans. Í reynd þá sækja allir nemendur sem koma í námsver eftir aðhaldi, athygli og umhyggju. Í lokaprófum geta skjólstaðingar tekið próf sín í stofu 29, þar sem kennarar námsvers sitja yfir, og fengið aðstoð við að skilja spurningar.

Til að gefa dæmi um þá aðstoð sem nemendur hafa sótt í vetur og í hvaða greinum var eftirfarandi listi settur saman, listinn er ekki tæmandi.

Eðlisfræði (framhaldsáfangi) - asískir nemendur við skilning á orðadæmum.

Efnafræði (fyrsti- og framhaldsáfangi) - suður-amerískur nemandi við skilning á texta og dæmareikning og asískur nemandi við skilning á texta.

Enska (fyrsti og annar áfangi) - nemandi sem á erfitt með að halda sér að verki og hefur enga þjálfun í að skrifa texta fékk aðstoð við verkefnavinnu og asískir nemendur við skilning.

Félagsfræði (fyrsti áfangi) - innflytjendur við skilning á hugtökum og hugsunarhætti.

Franska (annar og þriðji áfangi) - asískur nemandi við að skilja íslenskuna í prófum og verkefnum og nemandi með athyglisbrest með skilning og vinnuskipulag.

Íslenska (áfangar eitt til fimm) - innflytjendur við skilning á málinu og menningunni, verkefnavinnu og ritgerðasmíð, nemendur úr öllum flokkum við ritgerðarsmíð og yfirllestur á verkefnum og ritgerðum.

Líffræði (fyrsti áfangi) - asískur nemandi við skilning á texta og yfirllestur á verkefnum.

Jarðfræði (fyrsti og annar áfangi) - innflytjendur og nemandi með athyglisbrest við skilning á

textum og verkefnavinnu.

Saga (Saga 1AA , 3CC og 3BM) – nýbúar við skilning á texta, verkefnavinnu og ritgerðarsmíð. Blindur nemandi fékk mikla aðstoð við sögu 3CC á haustönn. Við verkefni og lokaritgerð, t.d. fékk hann mikla aðstoð við heimildaskrá lokaritgerðar.


Sálfræði (fyrsti áfangi) - asískur nemandi við skilning á texta og yfirlestur á skýrslum.

Spænska (annar áfangi) - asískur nemandi við skilning á námsefninu.

Stærðfræði (fyrsti og annar áfangi) – ýmsir nemendur við að skilja texta og dæmi.


Stjörnufræði- asískur nemandi við skilning á texta.

Nemendafjöldi í námsveri síðustu sex ár, frá hausti 2011 til vors 2017. Túlka ber fjöldatölur með varúð því það getur verið mikill munur á aðstoð kennara námsvers við hvern einstakling. Stundum þurfa nemendur hjálp sem tekur stuttan tíma en önnur verkefni eru tímafrekari. Sumir koma reglulega alla önnina í námsver en aðrir koma einungis í tengslum við ákveðin verkefni, koma e.t.v. í nokkur skipti til að vinna að ritgerð og sjást svo ekki meir. Þegar skoðaðar eru fjöldatölur skjólstæðinga námsvers síðustu sex árin sést að nemendum hefur fjölgað úr rúmlega 20 á árunum 2011 til 2015 í um 50 nemendur á síðustu þremur önnum. Á árunum 2011 -2015 tóku nokkrir alvarlega fatlaðir skjólstæðingar upp mikinn hluta af vinnutíma starfsmanna og var því ekki hægt að taka á móti fleiri skjólstæðingum. Eftir að þeir útskrifuðust var hægt að taka á móti fleiri nemendum. Námsverið byrjaði sem aðstoð við fatlaða en samhliða hafa kennarar þess fíkrað sig áfram við að styðja við fleiri nemendur skólans og voru innflytjendur þeirra fyrstir. Athygli vekur að haust 2015 komu fyrstu 2. kynslóðar innflytjendur og snúbúar í námsver og hefur þeim fjölgað síðan.



**Mynd 23. Fjöldi nemenda síðustu sex ár**





**Mynd 24. Skipting nemendahópsins á haustönnum síðustu sex ár**

### Samstarf við starfsfólk innan og utan skólans

Samstarf var við margt starfsfólk skólans á önninni eins og námsráðgjafa, fagkennara og sálfræðing og sendu þeir allir nemendur í námsver. Einnig kom nemandi í námsver eftir ábendingu frá bókasafnsfræðingi.

Á haustönn voru samskipti við bókagerð hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð sjónskertra vegna námsgagna fyrir blindan nemanda.

### Stöðumat

Mikil samskipti voru í vetur við Jóhönnu námsstjóra vegna stöðumats í hollensku, víetnömsku, persnesku (farsi), pólsku og tagalog/filippeysku. Féll nokkur vinna á starfsfólk námsvers vegna þessa. Sú vinna fólst t.d. í að finna matsmann, leiðbeina sumu matsfólki um útfærslu, safna saman nemendum og sitja yfir þeim.

Stöðumat í *hollensku* var haldið 19. október í stofu 46. Einn nemandi var metinn.

Stöðumat í *vietnömsku* var haldið 26. október í stofu 46. Sjö nemendur voru metnir. Sex þeirra eru annarrar kynslóðar innflytjendur og einn er fyrstu kynslóðar.

Stöðumat í *persnesku* var haldið 16. nóvember í stofu 46 og voru tveir fyrstu kynslóðar innflytjendur metnir.

Stöðumat í *pólsku* var haldið 18. nóvember í stofu 45 og voru þrír fyrstu kynslóðar

innflytjendur metnir.

Stöðumat í *tagalog/filippeysku* var haldið 27. janúar í stofu 46 og voru þrír fyrstu kynslóðar innflytjendur metnir.

Stöðumat í *pólsku* var aftur haldið 7. apríl í stofu 45. Voru fjórir nemendur metnir, tveir fyrstu kynslóðar innflytjendur og tveir annarrar.

## Heimsóknir og hól

Á vorönninni fengu kennaranemar fræðslu um starfsemi námsvers eins og undanfarnar vorannir. Í ár var hópurinn tvískiptur, fyrri hópurinn fékk fræðslu 21. febrúar og seinni hópurinn 7. mars. Einnig fékk námsráðgjafarnemi fræðslu um starfsemina.

Í október kom Olenka Bilash kanadískur háskólaprófessor í heimsókn á vegum Valgerðar. Hún fundaði með enskukennurum og Hugrónu sem kennir íslensku sem annað mál. Einnig ræddi hún við kennara og nemendur í námsveri. Í febrúar kom Christine Croyle frá miðstöð blindra og heyrnarlausra í Ohio í Bandaríkjunum í heimsókn.

Málþing um menntun flóttabarna var haldin 3. febrúar á vegum Skólamálaráðs KÍ. Sótti Valgerður ráðstefnuna.

Til gamans má geta þess að íslenskukennari sagði að þakka mætti námsverskennurum afrek haustannarinnar sem var að víetnamskur nemandi af annarri kynslóð náði hraðferðaráfanga í íslensku, ÍSLE2AB07.

## Þrengingar

Þar sem stundatafla nemenda er þéttari en á fyrri árum er erfiðara að finna tíma til að aðstoða þá, því eru frímínútur og hádegi stundum þrautalendingin. Um leið og nemendum námsvers fjölgar eins og raunin hefur verið undanfarnar þrjár annir þrengist um þá í stofu 46. Er oft þétt setinn bekkurinn og má spyrja sig hvort það fæli einhverja frá þegar svo er.

## Skólapúlsinn

### Framhaldsskólupúlsinn – samantekt á niðurstöðum haustið 2016

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólupúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans.

Liður í því er að spyrja úrtak nemenda í skólanum spurninga um líðan þeirra, virkni í náminu og um skóla- og bekkjaranda.

Þættir sem metnir eru: Vellíðan, lífshamingja, kvíði, þunglyndi, stjórn á eigin lífi, sjálfsálit, líkamsmynd, næring, hreyfing, svefnvenjur, samsömun við nemendahópinn, viðhorf til skólans, stuðningur kennara, samband við kennara, einelti, áreitni og ofbeldi.

Könnunin fór fram á tímabilinu 01.11.2016 til 02.12.2016. Könnunin var lögð fyrir slembi-úrtak úr nemendaskrá og var könnunin send á 156 nemendur. Svarhlutfall var 94,9% en alls svöruðu 148 nemendur könnuninni.

Hér fer á eftir yfirlit yfir alla matsþætti rannsóknarinnar haustið 2016. Niðurstaða hvers matsþáttar er borin saman við heildarútkomu allra þátttökuskóla (dálkurinn Viðmið).

**Bláar** tölur merkja að þátttakendur í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðnir viðmiðunarhópnum. Tölfræðilega marktækur munur bendir til þess að munurinn sem kemur fram sé til staðar í þýðinu.

Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Tafla 2. Námsumhverfi - framhaldskólapúlsinn**

| Matsþættir  | Niðurstaða | N      | Viðmið | N       | Mismunur     |
|---|------------|--------|--------|---------|--------------|
| 1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum        | 63,9%      | 92/144 | 61,6%  | 344/565 | 2,3%         |
| 1.2. Samsömun við nemendahópinn                   | 4,5        | 144    | 4,7    | 569     | -0,2         |
| 1.3. Stuðningur kennara við nemendur              | 5,0        | 145    | 5,1    | 567     | -0,1         |
| 1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum                | 4,9        | 144    | 4,9    | 566     | 0,0          |
| 1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda) | 4,6        | 145    | 5,0    | 567     | <b>-0,4*</b> |
| 1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)  | 4,9        | 144    | 5,0    | 566     | -0,1         |

Í framhaldskólapúlsinum 2016-2017 kemur fram að svör nemenda MH eru mjög sambærileg við svör viðmiðunarhópsins. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda) er eini þátturinn er tengist námsumhverfi sem sker sig úr en nemendur MH virðast upplifa það að fá minna leiðsagnarmat en viðmiðunarhópur. Hafa ber þó í huga að ekki telst um mikinn mun að ræða. Vert þykir að taka fram að viðhorf og hollusta gagnvart skólanum er á uppleið og hækkar um 3,4% á milli ára auk þess sem viðhorf og hollusta gagnvart skólanum mælist nú 2,3% hærra en í viðmiðunarhópnum.

**Tafla 3. Virkni í námi – framhaldsskólapúlsinn (2016-2017)**

| Matsþættir                         | Niðurstaða | N      | Viðmið | N       | Mismunur |
|------------------------------------|------------|--------|--------|---------|----------|
| 2.1. Námsáhugi                     | 5,1        | 145    | 5,0    | 574     | 0,1      |
| 2.2. Vinnulag í námi               | 4,9        | 145    | 5,0    | 569     | -0,1     |
| 2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma    | 68,3%      | 99/145 | 67,8%  | 364/572 | 0,5%     |
| 2.4. Fjarvera: Skróp í tíma        | 57,9%      | 84/145 | 62,6%  | 329/570 | -4,7%    |
| 2.5. Fjarvera án leyfis heilan dag | 20,7%      | 30/145 | 23,5%  | 130/571 | -2,8%    |

Í framhaldsskólapúlsinum 2016-2017 kemur fram að svör nemenda MH eru mjög sambærileg við svör viðmiðunarhópsins hvað varðar þætti er meta virkni í námi. Enginn einstakur þáttur í þessum matsþætti sker sig frá með tölfræðilega marktækum hætti.

Vert er þó að benda á að nemendur í MH skrópa 4,7% minna en viðmiðunarhópur og fjarvera án leyfis í heilan dag er 2,8% minni í MH en í viðmiðunarhópnum.

**Tafla 4. Líðan – Skólapúlsinn (2016-2017).**

| Matsþættir               | Niðurstaða | N       | Viðmið | N       | Mismunur |
|--------------------------|------------|---------|--------|---------|----------|
| 3.1. Vellíðan            | 4,6        | 147     | 4,7    | 600     | -0,1     |
| 3.2. Hamingja            | 71,6%      | 106/148 | 74,7%  | 461/602 | -3,1%    |
| 3.3. Sjálfsálit          | 4,9        | 148     | 4,9    | 596     | 0,0      |
| 3.4. Stjórn á eigin lífi | 4,5        | 147     | 4,5    | 585     | 0,0      |
| 3.5. Þunglyndi           | 18,1%      | 26/144  | 17,6%  | 93/573  | 0,5%     |
| 3.6. Kvíði               | 24,1%      | 35/145  | 24,5%  | 131/568 | -0,4%    |
| 3.7. Svefnleysi          | 46,3%      | 68/147  | 39,7%  | 223/578 | 6,6%     |
| 3.8. Ástæður svefnleysis | -          | 139     | -      | -       | -        |
| 3.9. Einelti             | 13%        | 19/146  | 11,5%  | 60/569  | 1,5%     |
| 3.10. Áreitni og ofbeldi | 17,1%      | 25/146  | 21,0%  | 104/571 | 3,9%     |

Í framhaldsskólapúlsinum 2016-2017 kemur fram að svör nemenda MH eru mjög sambærileg við svör viðmiðunarhópsins hvað varðar þætti er meta líðan. Enginn einstakur þáttur í þessum matsþætti sker sig frá með tölfræðilega marktækum hætti.

Vert er að benda á að svefnleysi er 6,6% meira í MH en í viðmiðunarhópnum og að 3,9% færri nemendur í MH hafa orðið fyrir áreitni eða ofbeldi en í viðmiðunarhópnum.

**Samantekt:** Í heild benda niðurstöður framhaldsskólapúlsins 2016-2017 til þess að svör nemenda MH varðandi námsumhverfi, virkni í námi og líðan séu mjög sambærileg við viðmiðunarhópinn. Hollusta nemenda gagnvart skólanum er á uppleið og skróp nemenda eru

minni en í viðmiðunarhópnum. Einnig virðast nemendur MH verða fyrir minni áreitni og ofbeldi en nemendur í viðmiðunarhópnum. Stefnt er að því að starfshópur innan skólans rýni enn frekar í þessi gögn og að nýta þessar upplýsingar til áframhaldandi uppbyggingarstarfs innan skólans. Ofangreind samantekt er unnin af Bóasi Valdórssyni skólasálfræðingi MH.

#### 4. Samantekt og umbótaáætlun

Ágætlega hefur miðað í því að vinna stefnumálum skólans framgang.

- Fjórar bóknámsbrautir, félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og opin braut, voru sendar í umsagnarferli á vorönn. Á haustönn var unnið að endurbótum skv. athugasemdum frá Menntamálastofnun. Staðfestingarferlið er því enn í vinnslu. Stefnt er að því að allar brautir nýrrar námskrár verði komnar af stað í umsagnar- og staðfestingarferli á vorönn 2017. Stefnt er að því að allar stúdentsbrautir verði staðfestar haust 2017.
- Við innritun að hausti 2016 var brugðist við kröfu mennta- og menningarmálaráðuneytis um fækkun eininga til stúdentsprófs og nýnemar úr grunnskóla innritaðir á nýjar aðlagðar brautir.
- Tekin var ákvörðun um að samræma kröfur um lágmarkseiningafjölda frá og með hausti 2017.
- Unnið er áfram að því að efla starfendarannsóknir og sjálfsskoðun kennara og að slíkt verði þáttur í allri starfsemi frá hausti 2017.
- Að nýtingarhlutfall dagskóla verði a.m.k. 95% á hverri önn (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum). Unnið er áfram að þessu markmiði með áframhaldandi rýni gagna og úrvinnslu.
- Að reka skólann innan fjárheimilda og að ekki verði gengið meira á uppsafnaðan rekstrarafgang en svo að í lok samningstímans (í ársbyrjun 2016) nemi hann a.m.k. 2% af fjárlögum.
- Að sporna gegn brotthvarfi og auknum kvíða meðal nemenda með því að kanna möguleika á að fá sálfræðing til starfa við skólann haustið 2016. Ráðinn var sálfræðingur í 75% starf haust 2016.
- Að vinna að því að skólinn viðhaldi Grænfánavottun að loknu tveggja ára tímabili haustið 2017.

- Vinna áfram að umbótum á móttöku nýnema svo aðlögun þeirra að nýjum skóla gangi vel fyrir sig. Auka enn frekar samstarf og upplýsingagjöf til forráðamanna ólögráða nemenda.
- Kanna áfram fylgni grunnskólaeinkunna í íslensku og stærðfræði og gengi nýnema í þessum fögum.

## Umbótaáætlun 2017

- ❖ Stefnt er að því að allar brautir nýrrar námskrár verði komnar af stað í umsagnar- og staðfestingarferli á árinu 2017 og staðfestar fyrir lok þess árs. Ábyrgð: Áfangastjóri, haust 2017.
- ❖ Að efla starfendarannsóknir og sjálfsskoðun kennara (t.d. sjálfsmat / jafningjamat) og að slíkt verði þáttur í allri starfsemi frá hausti 2018. Ábyrgð: Konrektor, haust 2018.
- ❖ Að nýtingarhlutfall dagskóla verði a.m.k. 95% á hverri önn (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum). Ábyrgð: Rektor.
- ❖ Að reka skólann innan fjárheimilda og að eiga að jafnaði 1-2% rekstrarafgang til þess að geta betur mætt tímabundnum áföllum sem upp kunna að koma. Ábyrgð: Rektor.
- ❖ Að viðhalda fjárveitingu fyrir sálfræðingi sem starfar að staðaldri við skólann til þess að sporna gegn brotthvarfi og auknum kvíða meðal nemenda. Ábyrgð: Rektor, haust 2018.
- ❖ Að skólinn viðhaldi Grænfanavottun. Ábyrgð: Verkefnastjóri Grænfanans, vor 2018.
- ❖ Vinna áfram að umbótum á móttöku nýnema svo aðlögun þeirra að nýjum skóla gangi vel fyrir sig. Auka enn frekar samstarf og upplýsingagjöf til forráðamanna ólögráða nemenda. Ábyrgð: Konrektor, haust 2017.
- ❖ Að útrýma busavígslu og niðurlægjandi hegðun í garð nýnema. Ábyrgð: Konrektor, haust 2017.
- ❖ Kanna áfram fylgni grunnskólaeinkunna í íslensku og stærðfræði og gengi nýnema í þessum fögum. Ábyrgð: Konrektor, haust 2017.

## 5. Lokaorð

Öll starfsemi skólans miðar að því að gera góðan skóla enn betri og skila nemendum með virðisauka út í samfélagið. Auðvitað þarf að mörg að hyggja í jafn fjölbreyttum skóla og Menntaskólinn við Hamrahlíð er. Starf að sjálfsmati í MH byggir á því að þeir sem eru á akrinum taki virkan þátt í að móta starfið og gera nauðsynlegar umbætur. Viðhorf kennara skólans til starfa að þróunarvinnu og sjálfsmati eru jákvæð og metnaðarfull og þeir eru virkir í faglegri umræðu og sjálfsskoðun. Sjálfsmatsskýrslan endurspeglar aldrei nema hluta þess starfs sem fram fer í skólanum og tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að bæta starf skólans. Hins vegar gefur skýrslan skýra mynd af starfsemi skólans og sífelldri viðleitni til þess að bæta og þróa skólastarfið. Öllum sem lagt hafa hönd á plóg er þakkað fyrir gott starf í þágu skólans.

## 6. Tölur/myndir:

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í dagskóla á viku 2016 bls. 7.

Mynd 1. Hlutfall innritaðra nemenda að hausti eftir námsári í framhaldsskóla bls. 8.

Mynd 2. Umsóknir grunnskólanema og afgreiðsla þeirra eftir kyni árið 2016 bls. 9.

Mynd 3. Lögheimili umsækjenda og innritaðra nýnema úr grunnskóla haustið 2016 bls. 9.

Mynd 4. Afdrif umsókna úr grunnskóla eftir lögheimili umsækjenda haustið 2016 bls. 10.

Mynd 5. Hlutfall umsókna eftir grunnskóla nýnema haustið 2014 til 2016 bls. 10.

Mynd 6. Samhengi bókstafa og talnaskala skv. Menntamálastofnun bls. 11

Mynd 7. Einkunnir umsækjenda úr grunnskóla í íslensku og stærðfræði haustið 2016 bls. 11.

Mynd 8. Einkunnir nýnema úr grunnskóla í íslensku og stærðfræði vorið 2016 eftir kynjum bls. 12.

Mynd 9. Dreifing grunnskólaeinkunna í íslensku og stærðfræði bls. 12.

Mynd 10. Dreifing grunnskólaeinkunna nýnema í íslensku og stærðfræði 2015 til 2016 bls. 13.

Mynd 11. Dreifing nemenda á brautir haustið 2016 bls. 14.

Mynd 12. Dreifing nemenda á brautir haustin 2012 til 2016 bls. 15.

Mynd 13. Dreifing stúlkna og drengja á fjórar fjölmennustu brautirnar haustin 2012 til 2016 bls. 15

Mynd 14. Mætingar dagskólanema árið 2016 bls. 16.

Mynd 15. Dreifing mætingareinkunna eftir kynjum árið 2016 bls. 16.

Mynd 16. Afföll í próf í dagskóla 2006 – 2016 bls. 17.

Mynd 17. Hvernig telur þú að MH-ingnum þínum hafi liðið fyrstu vikurnar í MH? bls. 18.

Mynd 18. Hvernig hefur nýnemanum gengið að finna sér samastað í frímínútum? bls. 18.

Mynd 19. Hvernig hefur þér gengið að átta þig á stundatöflu MH-nemans þíns? bls. 19.

Mynd ~~19~~20. Hvernig hefur þér fundist viðmót okkar í MH? bls. 20.



Mynd 21. Meðaleinkunn áhættuþátta hjá nýnemum MH árið 2016 bls. 25.

Mynd 22. Móðurmál innflytjenda, 1. og 2. kynslóðar haust 2016 bls. 30.

Mynd 23. Fjöldi nemenda síðustu sex ár bls. 32.

Mynd 24. Skipting nemendahópsins á haustönnum síðustu sex ár bls. 33.

Tafla 2. Námsumhverfi - framhaldskólapúlsinn bls. 35.

Tafla 3. Virkni í námi – framhaldsskólapúlsinn (2016-2017) bls. 36.

Tafla 4. Líðan – Skólapúlsinn (2016-2017) bls. 36.